



Árnesi, 28. október 2024

## Verkfundur nr. 4 – íþróttamiðstöð í Árnesi

### Mætt til fundar:

Haraldur Þór Jónsson oddviti, Sigurður Unnar Sigurðsson, Ingvar Þrándarson og Sýlvía Karen Heimisdóttir

Haraldur Þór Jónsson ritaði fundinn. Fundur sett kl. 13:00.

### 1. Niðurstaða útboða í framleiðslu á límtréshúsi m/yleiningum.

22. október voru opnuð tilboð í framleiðslu á límtréshúsinu. Sjö tilboð bárust í verkið. Kostnaðaráætlun var 201.832.500kr. Lægsta tilboð var 192.130.000kr. og hæsta tilboð var 409.000.000 kr. Tvö tilboð voru undir kostnaðaráætlun og fimm tilboð voru frá 15% yfir kostnaðaráætlun eða hærra.

Lægsta tilboðið var að upphæð 192.130.000 og næst lægsta tilboðið var að upphæð 192.464.000. Hafin er vinna við að meta tvö hagstæðustu tilboðin um það hvort þau standist kröfur sem gerð voru til bjóðenda í kafla 0.1.3, hvort þau standist hönnunarforsendur samkvæmt kafla 0.1.4 og hvort innifalið sé í tilboðunum allt sem tiltekið var í kafla 0.1.5. Mat á tilboðum verður klárað fyrir föstudaginn 1. nóvember og verður niðurstaðan lögð fyrir sveitarstjórn þann 6. nóvember.

### 2. Staðan á jarðvinnu

Sökum mikilla rigninga gekk erfiðlega að koma mold úr uppmokstri í mönina og hefur það tafið jarðvinnuna lítilega. Mokstur er langt kominn og í framhaldi af því verður hæðin á hrauninu tekin og keyrt í það sem uppá vantar.

### 3. Lagnir og tengingar

Rætt um aðgengi að heitu vatni, köldu vatni, ljósleiðara og mögulegri staðsetningu á hreinsivirki. Vinna þarf málið áfram á næstu dögum svo tenging á gámum fyrir vinnuástöðu geti verið inná varanlegar lagnir.

### 4. Næstu útboð

Útboð fyrir iðnmeistara á rafmagni, pípulögn og múrverki verða opnuð mánudaginn 4. Nóvember. Útboð fyrir steypu, járn og einangrun verður auglýst í vikunni og gera má ráð fyrir að áætluð opnun þess tilboðs verði 13-15. Nóvember.

Fundi slitið kl. 14:25.

Haraldur Þór Jónsson  
Sigurður Unnar Sigurðsson  
Ingvar Þrándarson  
Sýlvía Karen Heimisdóttir